

## Vettvangsferð 10 október 2013

Í dag var ferðinni heitiði heim til Anítu að skoða mjólkurbrúsa en Jón hélt sér í mjólkurbrúsa áður en hann náði í varadekkið. Að því loknu ætluðum við að athuga hvort við fyndum mjólkurbúið. Á leiðinni gengum við framá bíl þar sem dekkið hafði sprungið og þá þurfti að setja varadekkið undir. Umræður spunnust um það hvar gert er við sprungin dekk og svo varð úr að við kíktum inn á Sólningu og fengum fræðslu um sprunginn dekk. Við þurftum ekki að ganga langt þegar við sáum mjólkurbúið. Fyrir utan var stytta af kúnni Auðhumlu og Ými sem liggur undir kúnni að drekka mjólk. Börnin voru viss um að þetta væri Jón að drekka mjólkina. Við fórum inn í mjólkurbú og töluðum við Guðmund Þór og fengum tíma til að skoða mjólkurbúið næstkomandi fimmtudag.



Mjólkurbrúsinn heima hjá Anítu. Nú hefur hann hlutverk blómapotts



Sprungið dekk



Starfskypping í Sólningu



Við skoðuðum líkan af gamla mjólkurbúinu